

SPÝTUKALLINN 2014

- lítil þríþraut fyrir börn og byrjendur

Í tengslum við Þingeyska þríþraut sem haldin verður á Laugum laugardaginn 16. ágúst n.k. verður haldin þríþrautarkeppni fyrir börn og byrjendur fyrir þá sem vilja prófa þessa skemmtilegu samsetningu íþróttagreina. Þessa keppni köllum við Spýtukallinn

Í Spýtukallinum þurfa keppendur að byrja á að synda 150m, hjóla 4 km og að lokum hlaupa 1 km.

Keppt verður í tveimur flokkum, 10 - 15 ára og svo 16 ára og eldri.

Keppnin hefst kl. 13:00, eða eftir að öðrum keppnum er lokið.

Skráning fer fram á hlaup.is og lýkur skráningu fimmtudagskvöldið 14. ágúst. Allir keppendur þurfa að vera mættir í sundlaugina á Laugum 30 mín fyrir start.

Upplýsingar: hnikarr@laugar.is og Baldur@ub.is og á Facebook síðunni „Þingeysk þríþraut á Laugum“

Sumarstund í Hálskirkju.

Sunnudagskvöldið 17. ágúst kl. 20.00 verður hugljúf sumarstund í Hálskirkju. Um er að ræða sameiginlega stund fyrir Hálssókn, Ljósavatnssókn og Lundarbökkusókn. Óskar Pétursson syngur vel valin lög t.d. lög sem hann er kunnur fyrir með undirleik Dagnýjar Pétursdóttur organista. Sr. Bolli verður með orð og bæn.

Verið öll hjartanlega velkomin!



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar
sími 464 3903
www.heidarbaer.is

Hús til leigu

Til leigu er íbúðarhúsið á Hnjúki í Kinn
(gamli Hnjúkur)

Upplýsingar í síma 866 1201



Fornir fimmtudagar – Skuldaþingsey

Fimmtudaginn 7. ágúst klukkan 20:00 býðst áhugafólki um fornminjar að rölta um Skuldaþingsey í Skjálfandafljóti undir leiðsögn fornleifafræðinga. Mæting er við Vaðsbæinn, þaðan sem sameinast verður í bíla niður að Skipapólli.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Hins þingeyska fornleifafélags, www.fornleifafelag.is

Hið þingeyska fornleifafélag.

Snyrtipinninn auglýsir

Sumarfrí

Fer í sumarfrí föstudaginn 8. ágúst til 27. ágúst

Njótið lífsins

Anna Geirlaug
Snyrtifræðingur



31.tbl.
7. ágúst
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



16.08.2014

- Þingeysk þríþraut og fjallahjólakeppni á Laugum í Reykjadal

Ólympísk þríþraut verður haldin að Laugum í Reykjadal 16. ágúst og hefst kl 09.00

Keppnisgreinar eru:

Ólympísk þríþraut; sund 1500m, hjól 40km, hlaup 10km
Hálf ólympísk þríþraut; sund 750m, hjól 20km, hlaup 5km
Spýtukallinn; sund 150m, hjól 4 km., hlaup 1 km. (Hefst kl. 13:00, mæting kl. 12:30)

Einnig er hægt að taka þátt einstökum greinum innan þríþrautar.

Keppnin mun fylgja móta-og keppendareglum þríþrautarnefndar Íslands.

Einnig verður haldin 46 km Fjallahjólakeppni sem hefst kl. 09:00.

Skráningargjöld eru eftirfarandi:

- Heil og hálf þraut - 5.000 kr
- Fjallahjólakeppni - 5.000 kr
- Einstakar greinar í þríþrautinni - 2.000 kr
- Spýtukallinn 16 ára og eldri - 2.000 kr
- Spýtukallinn 10-15 ára - 1.000 kr

Skráning mun fara fram á hlaup.is og lýkur skráningu fimmtudagskvöldið 14. ágúst. Allir keppendur þurfa að vera mættir í sundlaugina á Laugum 30 mín fyrir start. Keppnisgögn verða afhent milli kl. 8:00 og 8:30.

Upplýsingar: hnikarr@laugar.is og Baldur@ub.is



SAMHERJI